

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um brjefspjöld til Dan-* **91**  
*merkur og utanríkislanda.* — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, **27. maí.**  
 herra landshöfðingi, frá 19. febr. þ. á. hefir ráðgjafinn gjört samning við innanríkis-  
 stjórnina um, að burðareyrir fyrir brjefspjöld milli hins danska og íslenska póstumdæmis  
 skuli vera 8 aurar, og vil jeg í þessu efni vísa til auglýsingar þeirrar frá 18. þ. m.,  
 sem prentuð er í A.-deild stjórnartíðinda fyrir Ísland. Ráðgjafinn hefir síðan látið  
 prenta 20 þúsundir brjefspjalda, hvert á 8 aura til afnota við póstviðskipti milli Dan-  
 merkur og Íslands, og enn fremur jafnstórt upplag af 10 aura brjefspjöldum til af-  
 nota við póstviðskipti milli íslenskra pósthúsa og útlendra póstumdæma þeirra, er  
 burðargjald undir brjefspjöld nemur 10 aurum til.

Jafnframt því, að tjá yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar, vil jeg eigi  
 undanfella að geta þess, að jeg hefi gjört ráðstöfun til, að yður verði sent með þeirri  
 Íslandsferð póstgufuskipsins Fönixar, sem nú er í vændum 19600 brjefspjöld af hverri  
 tegund fyrir sig, og skal það enn fremur tekið fram, að 300 af hverri tegund fyrir sig eru  
 hjer tekin frá, sum til að geymast hjer hjá ráðgjafanum en sum til að seljast í hendur  
 hinni æðstu póststjórn, sem óskað hefir að fá 200 af hverju fyrir sig, en 100 hafa verið  
 seld hjer fyrir samtals 18 kr., og munu þær verða greiddar í aðalfjárhirzluna sem tekjur  
 fyrir jarðabókarsjóð Íslands.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fyrirtæki til að verja* **92**  
*þjóðjörð skemmdum.* — Í þóknanlegu brjefi frá 24. f. m. hafið þjer, herra lands- **27. maí.**  
 höfðingi, út af bónarbrjefi, er borízt hafið amtmanninum yfir norður og austur umdæm-  
 inu frá hlutaðeigandi umboðsmanni, lagt það til, að greiðast mættu úr umboðssjóði  $\frac{2}{3}$   
 hlutar af kostnaði við að hlaða steingarð í ána syðri þverá til þess að koma í veg fyrir  
 skemmdir þær, sem vofa yfir túni og engjum klausturjarðarinnar Munkaþverár þó þann-  
 ig, að greiðsla þessi ekki fari fram úr 400 kr. og að ábúandinn greiði  $\frac{1}{3}$  hluta af kostn-  
 aði þessum samantöldum, og að veiting þessi að öðru leyti sje bundin því skilyrði, að  
 áður en sá hluti kostnaðarins, sem leggst á umboðssjóðinn, verði greiddur, skuli leggja  
 fram nákvæman reikning yfir gjöld þau öll, er gengið hafa til að framkvæma verk þetta,  
 og enn fremur að sannað verði með löglegri skoðunargjörð, að það sje vel af hendi leyst,  
 og að garðurinn hafi þau sömu ummál og tekin eru til í skoðunargjörðinni frá 6. febr. þ. á.

Út af þessu vill ráðgjafinn tjá yður herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbein-  
 ingar, birtingar og ítarlegri aðgjörða, að tillögur yðar eru hjer með samþykktar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um leigumála af þjóðjörð-* **93**  
*um í vesturumdæminu.* — Hans hátign konunginum hefir 25. þ. m. samkvæmt **27. maí.**  
 allraþegnlegustu tillögum ráðgjafans út af þóknanlegu brjefi yðar herra landshöfðingi frá  
 6. f. m. þóknast allramildilegast að fallast á:

1, að enn megi í 3 ár, frá fardögum 1879 að telja, veita hinum núverandi leiguliðum  
 á jörðum þeim, er tilheyra hinum ísl. landssjóði í vesturumdæmi Íslands, linun þá í ept-  
 irgjaldi landskulda þeirra, sem þeim hefir hingað til verið veitt, þannig að þeir greiði  $\frac{5}{6}$   
 hluti landskuldarinnar eptir fornu verðlagi og  $\frac{1}{6}$  með peningum eptir meðalverði allra  
 meðalverða ár hvert.

2, að afgjaldslinunin sje bundin því skilyrði, að leiguliðarnir á þeim jörðum, þar

**93** sem hjáleigur fylgja eða tómthús, skuldbindi sig til að leigja þau ekki öðruvísi en svo, 27. maí. að allt afgjaldið af þeim sje ákveðið annaðhvort í peningum eða landaurum, eða ef svo skyldi vera, að samningur hefði áður verið gjörður um að hjáleigubændur eða tómthús-menn ættu að róa á vegum þjóðjarðalandsetanna eða vinna annað fyrir þá, að þjóðjarðalandsetarnir þá bjóði hlutaðeigöndum, að greiða í stað slíkrar vinnu annað gjald, er um boðsmanni þykir sanngjarnt.

Jafnframt því, þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi þetta til þókn-anlegrar leiðbeiningar og nauðsynlegrar birtingar, undanfelli jeg ekki að bæta því við, að það virðist rjettast að gefa alþingi tækifæri til að segja álit sitt um nefnt fyrirkomulag, þegar fjárlagafrumvarpið um árin 1882 og 1883 er lagt fyrir þingið, og að jeg álit, að ekki eigi að gjöra aðra breytingu á þessu, áður en alþingi er búið að ræða málið.

**94** — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um styrk handa fornleifafje-* 3. júní. *laginu.* — Samkvæmt tillögum stiptyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 28. f. m., vil jeg hjer með veita hinu íslenzka fornleifafjelagi

a, allt að 200 kr. styrk til þess að rannsaka og grafa eptir staðarlegum og öðrum fornleifum einkum á Þingvöllum og

b, allt að 20 kr. fyrir hverja örk af fornfræðislegu tímariti, þó ekki meira en 100 kr. þetta ár.

Hvortveggja styrkurinn er veittur af fje því, sem í 15. gr. fjárlaganna er lagt til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, og mun styrkurinn verða útborgaður eptir því, sem störfum fjelagsins miðar áfram.

Þetta er tjáð stiptyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

**95** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* 7. júní. *fiskiveiðar í landhelgi.* — Í sambandi við brjef mitt frá 3. f. m. vil jeg út af brjefi ráðgjafans frá 27. s. m. tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumönnum í Múlasýslum, að utanríkismaður, sem vill öðlast rjett til fiskiveiða í landhelgi við Ísland þarf að gjörast þegn hins danska ríkis, og að hann geti orðið það með því að setjast að einhversstaðar á landinu, þó það sje ekki innan takmarka löggilds kaupsþús, sbr. tilsk. 13. júní 1787 II. kap. § 6. og III. kap. §§ 1. og 11 og dómsmálastjórnarbrjef 21. nóvember 1864, prentað í tíðindum um stjórnmál-efni II. bls. 112.

**96** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* 11. júní. *styrk handa 2 búfræðingum.* — Hjer með læt jeg yður, herra amtmaður, tjáð, að jeg hefi samkvæmt tillögum amtsráðsins veitt af vöxtum styrktarsjóðsins handa þeim, er biða tjón af jarðeldi, Jónasi Eiríkssyni, sem ferðandi búfræðingi í Suðurmúlasýslu, 200 kr. um árið 1879 og víðlíka upphæð Guttormi Vigfússyni, sem eins var ástatt fyrir í Norðurmúlasýslu hið sama ár. Hin fyrnefnda upphæð hefir verið greidd sýslumanninum í Suðurmúlasýslu, en þær 200 kr., sem Guttormi Vigfússyni eru ætlaðar, sendast yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar ráðstöfunar, og býst jeg við að fá kvittun fyrir móttöku þessarar upphæðar.